

Svalbarðsstrandarhreppur

Ársreikningur 2018

Svalbarðsstrandarhreppur
Ráðhúsinu
601 Akureyri

Kt. 640269-2279

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Svalbarðsstrandarhrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 448,6 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 441,7 millj. kr.


Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,385% en lögbundið hámark þess er 0,625%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,2% en lögbundið hámark þess er 1,65%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð sem nam 72,7 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð sem nam 76,5 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 723,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 723,3 millj. kr.

Ársreikningur Svalbarðsstrandarhrepps fyrir árið 2018 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Svalbarðsstrandarhreppi, 28. maí 2019

Sveitarstjóri:




Ársreikningur Svalbarðsstrandarhrepps fyrir árið 2018 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Svalbarðsstrandarhreppi, 11.06 2019.

Sveitarstjórn:



ANNA KAREN ULFARSDÓTTIR



Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Svalbarðsstrandarhrepps fyrir árið 2018 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft nokkvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við sveitarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, *14. júní* 2019.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Rekstrartekjur							
Skatttekjur án framl. Jöfnunarsjóðs ...	4	296.509	238.660	251.899	295.447	238.013	251.116
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	118.742	103.000	94.074	118.742	103.000	94.074
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	4	26.448	23.029	26.847	34.392	30.879	34.772
		441.699	364.689	372.820	448.582	371.892	379.962
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	216.871	216.536	209.015	216.871	216.536	209.015
Annar rekstrarkostnaður		137.103	128.090	133.089	139.866	129.743	136.880
		353.974	344.626	342.104	356.736	346.279	345.895
Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir		87.726	20.063	30.716	91.845	25.613	34.067
Afskriftir	8	(21.286)	(18.906)	(19.416)	(23.543)	(22.856)	(21.622)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		66.440	1.157	11.301	68.302	2.757	12.446
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	10.039	6.466	9.716	4.415	1.252	5.216
Rekstrarniðurstaða	13	76.479	7.623	21.017	72.717	4.009	17.662

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2018	2017	2018	2017
Fastafjármunir					
Rekstrarfjármunir:					
Fasteignir, lóðir og lendum		292.820	274.038	427.797	350.228
Veitukerfi og götur		168.150	98.233	175.346	103.062
Vélar, áhöld og tæki		11.307	13.683	11.307	13.683
	8	472.277	385.954	614.450	466.972
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	9	44.550	44.550	44.550	44.550
Fyrirframgreiddur kostnaður	10	11.883	0	11.883	0
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	11	63.774	64.134	0	0
		120.208	108.684	56.433	44.550
Fastafjármunir		592.485	494.638	670.883	511.522
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	12	28.573	17.226	28.573	17.226
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		71.723	7.669	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	10	457	0	457	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	11	2.444	2.263	0	0
Aðrar skammtímakröfur	12	13.602	14.283	13.602	14.283
Handbært fé		66.640	133.312	66.640	133.312
Veltufjármunir		183.438	174.755	109.271	164.822
Eignir samtals		775.923	669.392	780.154	676.344

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2018	2017	2018	2017
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	13	723.259	616.589	723.904	620.995
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	14	0	0	12.116	12.103
		0	0	12.116	12.103
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		8.931	9.943	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	0	0	381	365
Aðrar skammtímaskuldir		43.733	42.860	43.753	42.881
		52.664	52.803	44.134	43.246
Skuldir og skuldbindingar samtals		52.664	52.803	56.250	55.350
Eigið fé og skuldir samtals		775.923	669.392	780.154	676.344
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings	16				

Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða	13	76.479	7.623	21.017	72.717	4.009	17.662
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	21.286	18.906	19.416	23.543	22.856	21.622
Verðbætur langtímalíða	6 (2.117)	(1.767)	(1.147)	399	337	215
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		0	0	0	0	0	1.363
Veltufé frá rekstri		95.648	24.762	39.285	96.659	27.202	40.862
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting	10 (12.340)	0	0	(12.340)	0	0
Óinnheimtar tekjur, breyting	(11.346)	0	629	(11.346)	0	629
Skammtímakröfur, breyting		681	0	675	681	0	675
Skammtímaskuldir, breyting		873	0	7.639	872	0	7.639
Samtals	(22.132)	0	8.942	(22.133)	0	8.942
Handbært fé frá rekstri		73.515	24.762	48.227	74.526	27.202	49.804
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8 (77.417)	(48.500)	(38.002)	(140.828)	(78.500)	(38.002)
Söluverð rekstrarfjármuna		0	0	0	0	0	28.400
Eignarhlutir í félögum, breyting		0	0	(1.036)	0	0	(1.036)
Langtímakr. á eigin fyrirtæki, breyting	11	2.295	2.300	2.143	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(75.122)	(46.200)	(36.895)	(140.828)	(78.500)	(10.638)
Fjármögnunarhreyfingar							
Viðskiptastaða eigin ft, breyting	(65.066)	(30.236)	27.475	0	0	0
Afborganir langtímalána	14	0	0	0	(371)	(376)	(358)
Skammtímalán, breyting		0	0	(14.202)	0	0	(14.202)
Fjármögnunarhreyfingar	(65.066)	(30.236)	13.274	(371)	(376)	(14.560)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(66.672)	(51.674)	24.606	(66.672)	(51.674)	24.606
Handbært fé í ársbyrjun		133.312	142.787	108.706	133.312	142.787	108.706
Handbært fé í árslok		66.640	91.113	133.312	66.640	91.113	133.312

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Svalbarðsstrandarhreppur er sveitarfélag á Norðurlandi og var fjöldi íbúa þess 488 þann 1. desember 2018. Skrifstofa sveitarfélagsins er í Ráðhúsinu á Svalbarðsströnd.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnáslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Svalbarðsstrandarhrepps árið 2018 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Fráveita og Leiguíbúðir.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru þó færðar á gangvirði. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er gerður í íslenskum krónum.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrarrekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlagsviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í árslok. Verðlagsbreytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

d. Rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

e. Afskriftir rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	10 - 40 ár
Veitukerfi og götur.....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	3 - 10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádraginni niðurfærslu vegna virðisýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

g. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfærð á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 16.

l. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Engir viðaukar voru samþykktir við fjárhagsáætlun á árinu.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Útsvar og fasteignaskattur:						
Útsvar.....	254.946	202.000	219.112	254.946	202.000	219.112
Fasteignaskattur.....	41.563	36.660	32.787	40.501	36.013	32.004
	296.509	238.660	251.899	295.447	238.013	251.116
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Framlag vegna fasteignaskatts..	15.830	14.630	13.906	15.830	14.630	13.906
Framlag vegna útgjaldajöfnunar.	54.128	48.587	47.793	54.128	48.587	47.793
Framlag vegna grunnskóla.....	47.150	38.303	30.037	47.150	38.303	30.037
Önnur framlög.....	1.635	1.480	2.338	1.635	1.480	2.338
	118.742	103.000	94.074	118.742	103.000	94.074
Skatttekjur samtals	415.252	341.660	345.973	414.190	341.013	345.190
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	26.448	23.029	26.847	34.392	30.879	34.772
Rekstrartekjur samtals.....	441.699	364.689	372.820	448.582	371.892	379.962

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	173.994	170.478	160.172	173.994	170.478	160.172
Launatengd gjöld	42.420	46.058	43.394	42.420	46.058	43.394
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar líffeyrissjóðs....	457	0	5.449	457	0	5.449
Laun og launatengd gjöld samtals ..	216.871	216.536	209.015	216.871	216.536	209.015

2018 2017

Ársverk					28	29
Laun sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....					21.431	15.947

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Vaxtatekjur og arður	8.614	15.145	9.100	5.632	15.145	6.089
Vaxtagjöld	(692)	(10.446)	(532)	(818)	(13.556)	(658)
Verðbætur.....	2.117	1.767	1.147	(399)	(337)	(215)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	10.039	6.466	9.716	4.415	1.252	5.216

Skýringar, frh.:

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	421.213	347.840	351.572
Félagsþjónusta	(20.935)	(19.444)	(17.818)
Heilbrigðismál	(540)	(697)	(538)
Fræðslu- og uppeldismál	(243.776)	(241.009)	(229.090)
Meningarmál	(5.586)	(6.077)	(6.108)
Æskulýðs- og íþróttamál	(26.032)	(26.432)	(24.994)
Brunamál og almannavarnir	(7.652)	(5.922)	(5.604)
Hreinlætismál	(12.405)	(9.253)	(8.607)
Skipulags- og byggingarmál	(8.812)	(8.037)	(8.016)
Umferðar- og samgöngumál	(13.430)	(15.857)	(11.319)
Umhverfismál	(3.465)	(4.190)	(10.347)
Atvinnumál	(1.588)	(1.252)	(1.497)
Sameiginlegur kostnaður	(51.696)	(46.851)	(46.735)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(457)	0	(5.449)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	26.895	22.168	23.782
Aðalsjóður samtals	51.734	(15.013)	(766)
A hluta stofnunar:			
Eignasjóður	24.744	22.636	21.783
A hluti samtals	76.479	7.623	21.017
B hluta fyrirtæki:			
Fráveita	1.354	1.047	2.430
Leiguíbúðir	(5.115)	(4.661)	(5.785)
A og B hluti samtals	72.717	4.009	17.662

8. Rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Götur	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti:				
Heildarverð 1.1.2018	480.431	110.649	27.008	618.088
Afskrifað áður	(206.393)	(12.416)	(13.326)	(232.134)
Bókfært verð 1.1.2018	274.038	98.233	13.683	385.954
Viðbót á árinu	1.557	75.860	0	77.417
Endurmat lóða og lendna	30.192	0	0	30.192
Afskrifað á árinu	(12.967)	(5.943)	(2.376)	(21.286)
Bókfært verð 31.12.2018	292.820	168.150	11.307	472.277
Heildarverð 31.12.2018	512.180	186.509	27.008	725.697
Afskrifað samtals	(219.360)	(18.359)	(15.701)	(253.420)
Bókfært verð 31.12.2018	292.820	168.150	11.307	472.277
Afskriftarhlutföll	2,5 - 10,0%	4,0%	10,0 - 33,3%	

Skýringar, frh.:

8. Rekstrarfjármunir, frh.:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Veitukerfi og götur	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti:				
Heildarverð 1.1.2018	563.814	139.016	27.008	729.839
Afskrifað áður	(213.587)	(35.955)	(13.326)	(262.867)
Bókfært verð 1.1.2018	350.228	103.062	13.683	466.972
Viðbót á árinu	62.429	78.399	0	140.828
Endurmat lóða og lendna	30.192	0	0	30.192
Afskrifað á árinu	(15.052)	(6.115)	(2.376)	(23.543)
Bókfært verð 31.12.2018	427.797	175.346	11.307	614.450
Heildarverð 31.12.2018	656.435	217.416	27.008	900.859
Afskrifað samtals	(228.638)	(42.070)	(15.701)	(286.410)
Bókfært verð 31.12.2018	427.797	175.346	11.307	614.450
Afskriftarhlutföll	2,5 - 10,0%	4,0%	10,0 - 33,3%	

b. Fjárfesting

Fjárfesting í rekstrarfjármunum á árinu:

	Fjárfesting 2018	Áætlun 2018
A hluti.....	77.417	48.500
B hluti:		
Fráveita	2.539	30.000
Leiguíbúðir	60.872	0
Samtals A og B hluti	140.828	78.500

c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og váttryggingaverð rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	817.455	922.805
Fasteignamat.....	184.995	265.345
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	54.230	54.230
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....		61.554

9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Flokkun Eyjafjörður ehf., Akureyri	1,7%	1,7%	4.295	4.295
Greið leið ehf., Akureyri	1,6%	1,6%	5.965	5.965
Landskerfi bókasafna hf., Reykjavík	0,1%	0,1%	210	210
Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Reykjavík	0,2%	0,2%	15.680	15.680
Molta ehf., Eyjafjarðarsveit	0,3%	0,3%	569	569
Norðurorka hf., Akureyri	0,5%	0,5%	18.400	18.400
			45.120	45.120
Niðurfærsla eignarhluta.....			(570)	(570)
Eignarhlutir í félögum samtals.....			44.550	44.550

Skýringar, frh.:

10. Fyrirframgreiddur kostnaður

Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A deilda

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórnar viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í febrúar 2018 samþykkti sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds og var samkomulagið undirritað í febrúar 2018. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 18,2 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

Skipting þess er eftirfarandi:

- 5,2 millj. kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi, framlagið er gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 11,8 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka, framlagið er gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 1,3 millj. kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Gjaldfærðar voru 5,4 millj. kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017.

Greiðsla heildarframlags á sér stað í upphafi árs 2018 og fjármagnaði sveitarfélagið uppgjörið með handbæru fé. Fyrirframgreiðslu vegna framlaga í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð að fjárhæð 12,8 millj. kr. er heimilt að draga frá við útreikning á skuldaviðmiði sbr. breytingu á reglugerð nr. 502/2012.

Akureyrarbær hefur gert kröfu um að sveitarfélagið taki þátt í greiðslu á kröfum frá Brú lífeyrissjóði vegna verkefna sem sveitarfélagið tekur þátt í með Akureyrarbæ. Fjárhæð kröfunnar liggur ekki fyrir.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2019 er færður meðal veltufjármuna en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Breyting fyrirframgreidds kostnaðar á árinu greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Viðbót á árinu	12.796	12.796
Gjaldfært á árinu	(457)	(457)
Fyrirframgreiddur kostnaður samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	12.340	12.340
Næsta árs afborganir	(457)	(457)
Fyrirframgreiddur kostnaður samtals.....	11.883	11.883

Skýringar, frh.:

10. Fyrirframgreiddur kostnaður, frh.:

Gjaldfærslur fyrirframgreidds kostnaður greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2019	457	457
Árið 2020	457	457
Árið 2021	457	457
Árið 2022	457	457
Árið 2023	457	457
Síðar	10.057	10.057
Fyrirframgreiddur kostnaður samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	12.340	12.340

11. Langtímakröfur

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

Staða langtímakrafna í ársbyrjun	66.397	0
Afborgun á árinu	(2.295)	0
Verðbætur	2.117	0
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	66.219	0
Næsta árs afborganir	(2.444)	0
Langtímakröfur samtals.....	63.774	0

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019	2.444	0
Árið 2020	2.557	0
Árið 2021	2.674	0
Árið 2022	2.797	0
Árið 2023	2.926	0
Síðar	52.821	0
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	66.219	0

12. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

Óinnheimtar skatttekjur.....	21.841	21.841
Óinnheimtar aðrar tekjur.....	6.731	6.731
Óinnheimtar tekjur í árslok	28.573	28.573

Niðurfærsla óinnhemtra tekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	13.400	13.400
Niðurfærsla, breyting á árinu.....	1.600	1.600
Niðurfærsla í árslok	15.000	15.000

13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé 1.1.2018.....	616.589	620.995
Endurmat lóða og lendna.....	30.192	30.192
Rekstrarniðurstaða ársins.....	76.479	72.717
Eigið fé 31.12.2018.....	723.259	723.904

14. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

		Verðtryggð lán
A og B hluti:		
Langtímaskuldir í ársbyrjun		12.469
Afborganir af lánum	(371)	
Verðbætur.....		399
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir		12.497
Næsta árs afborganir	(381)	
Langtímaskuldir samtals.....		12.116

Skýringar, frh.:

14. Langtímaskuldir, frh.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A og B hluti
Árið 2019	381
Árið 2020	385
Árið 2021	389
Árið 2022	393
Árið 2023	396
Síðar	10.554
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	12.497

Veðsetningar

Íbúðir í eigu leiguíbúða að bókfærðu virði 135,0 millj. kr. eru veðsettar fyrir skuldum að eftirstöðum 12,5 millj. kr. í árslok 2018.

15. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Aðalsjóður	100%	638.234	52.664	585.570
Eignasjóður	100%	472.277	334.588	137.689
Innri færslur A hluta		(334.588)	(334.588)	0
A hluti samtals		775.923	52.664	723.259
Fráveita	100%	16.126	0	16.126
Leiguíbúðir	100%	134.977	150.459	(15.482)
Innri færslur A og B hluta		(146.873)	(146.873)	0
Samtals		780.154	56.250	723.904

16. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sveitarfélagið hefur veitt Norðurorku hf. veð í tekjum til tryggingar ábyrgð á skuldum félagsins og er hlutdeild sveitarfélagsins í ábyrgðinni 11.807 þús. kr.

Sveitarfélagið hefur veitt Fallorku ehf., dótturfélagi Norðurorku hf., veð í tekjum til tryggingar ábyrgð á skuldum félagsins og er hlutdeild sveitarfélagsins í ábyrgðinni 2.990 þús. kr.

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

Hafnasamlag Norðurlands b.s.
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar b.s.
Eyþing
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
Skipulags- og byggingafulltrúi Eyjafjarðar b.s.

Sveitarfélagið ber hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna og samstarfsverkefnanna miðað við íbúatölu.

17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila ná eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Skýringar, frh.:

18. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs:

	Áætlun		Ársreikningar			
	2018	2018	2017	2016	2015	2014
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:						
Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður	48.586	117.441	47.749	13.676	15.078	38.850
Skuldaviðmið, skv. reglugerð*	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	5,5 %	19,9 %	8,2 %	9,9 %	8,5 %	(2,7%)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	2,1 %	17,3 %	5,6 %	5,4 %	2,0 %	(4,8%)
Veltufé frá rekstri	6,8 %	21,7 %	10,5 %	11,0 %	7,6 %	1,2 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm.....	13,3 %	17,5 %	10,2 %	5,6 %	8,8 %	25,7 %
Skuldahlutfall - skuldir/rekstrartekjur.....	13,6 %	11,9 %	14,2 %	15,5 %	11,5 %	13,3 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri, mælt í árum	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga.....	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Veltufjárlutfall.....	3,10	3,48	3,31	3,10	5,30	5,76
Eiginfjárlutfall.....	92,4%	93,2%	92,1%	91,2%	93,7%	94,0%
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	55,4 %	57,7 %	58,8 %	61,9 %	61,7 %	61,9 %
Fasteignaskattur	10,1 %	9,4 %	8,8 %	7,5 %	7,7 %	8,3 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	28,2 %	26,9 %	25,2 %	22,2 %	22,8 %	22,8 %
Skatttekjur samtals.....	93,7 %	94,0 %	92,8 %	91,6 %	92,2 %	93,0 %
Aðrar tekjur	6,3 %	6,0 %	7,2 %	8,4 %	7,8 %	7,0 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld.....	(59,4%)	(49,1%)	(56,1%)	(50,7%)	(53,2%)	(60,6%)
Annar rekstrarkostnaður.....	(35,1%)	(31,0%)	(35,7%)	(39,5%)	(38,3%)	(42,1%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	5,5 %	19,9 %	8,2 %	9,9 %	8,5 %	(2,7%)
Afskriftir.....	(5,2%)	(4,8%)	(5,2%)	(5,4%)	(5,5%)	(6,0%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	1,8 %	2,3 %	2,6 %	1,0 %	(1,0%)	3,8 %
Rekstrarniðurstaða.....	2,1 %	17,3 %	5,6 %	5,4 %	2,0 %	(4,8%)

*Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár.

Skýringar, frh.:

18. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2018	2018	2017	2016	2015	2014
Í þúsundum króna á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur.....	700	851	718	745	717	608
Aðrar tekjur	47	54	56	68	61	46
Laun og launatengd gjöld	(444)	(444)	(434)	(412)	(413)	(396)
Annar rekstrarkostnaður	(262)	(281)	(276)	(321)	(298)	(275)
Afskriftir.....	(39)	(44)	(40)	(44)	(43)	(39)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	13	21	20	8	(8)	25
Rekstrarniðurstaða.....	16	157	44	44	16	(32)
Efnahagur:						
Eignir.....	1.338	1.590	1.389	1.437	1.415	1.434
Eigið fé.....	1.236	1.482	1.279	1.311	1.326	1.347
Skuldir og skuldbindingar.....	101	108	110	126	90	87
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri.....	51	196	82	90	59	8
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar).....	51	151	100	106	71	(20)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm.....	99	159	79	46	68	168
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember.....	488	488	482	451	429	413

Skýringar, frh.:

18. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs:

	Áætlun		Ársreikningar			
	2018	2018	2017	2016	2015	2014
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:						
Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður	43.740	112.449	47.704	18.773	19.604	42.534
Skuldaviðmið, skv. reglugerð*	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	6,9 %	20,5 %	9,0 %	10,6 %	9,0 %	(1,7%)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	1,1 %	16,2 %	4,6 %	6,0 %	2,4 %	(4,1%)
Veltufé frá rekstri	7,3 %	21,5 %	10,8 %	11,7 %	8,0 %	2,0 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm.....	21,1 %	31,4 %	10,0 %	29,8 %	12,9 %	25,3 %
Skuldahlutfall - skuldir/rekstrartekjur.....	16,6 %	12,5 %	14,6 %	16,8 %	13,5 %	15,0 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri, mælt í árum	0,44	0,13	0,30	0,28	0,46	2,28
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga.....	72,35	260,73	114,11	123,85	79,82	16,51
Veltufjárhlutfall.....	2,49	2,48	3,81	2,84	5,75	7,18
Eiginfjárhlutfall.....	90,7%	92,8%	91,8%	90,6%	92,6%	93,2%
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	54,3 %	56,8 %	57,7 %	61,3 %	60,7 %	60,8 %
Fasteignaskattur	9,7 %	9,0 %	8,4 %	7,4 %	7,5 %	8,1 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	27,7 %	26,5 %	24,8 %	22,0 %	22,5 %	22,4 %
Skatttekjur samtals.....	91,7 %	92,3 %	90,8 %	90,7 %	90,7 %	91,3 %
Aðrar tekjur	8,3 %	7,7 %	9,2 %	9,3 %	9,3 %	8,7 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld.....	(58,2%)	(48,3%)	(55,0%)	(50,2%)	(52,3%)	(59,5%)
Annar rekstrarkostnaður.....	(34,9%)	(31,2%)	(36,0%)	(39,3%)	(38,7%)	(42,2%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	6,9 %	20,5 %	9,0 %	10,6 %	9,0 %	(1,7%)
Afskriftir.....	(6,1%)	(5,2%)	(5,7%)	(5,5%)	(5,6%)	(6,0%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	0,3 %	1,0 %	1,4 %	0,9 %	(1,1%)	3,7 %
Rekstrarniðurstaða.....	1,1 %	16,2 %	4,6 %	6,0 %	2,4 %	(4,1%)

*Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár.

Skýringar, frh.:

18. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2018	2018	2017	2016	2015	2014
Í þúsundum króna á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur.....	699	849	716	744	717	608
Aðrar tekjur	63	70	72	76	74	58
Laun og launatengd gjöld	(444)	(444)	(434)	(412)	(413)	(396)
Annar rekstrarkostnaður	(266)	(287)	(284)	(322)	(306)	(281)
Afskriftir.....	(47)	(48)	(45)	(45)	(44)	(40)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	3	9	11	7	(9)	24
Rekstrarniðurstaða.....	8	149	37	49	19	(27)
Efnahagur:						
Eignir.....	1.367	1.599	1.403	1.466	1.446	1.458
Eigið fé.....	1.240	1.483	1.288	1.329	1.339	1.358
Skuldir og skuldbindingar.....	127	115	115	138	107	100
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	56	198	85	96	63	13
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar).....	56	153	103	113	75	(14)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm.....	161	289	79	244	102	168
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember.....	488	488	482	451	429	413

Skýringar, frh.:

18. Lykiltölur, frh.

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2018	%	2017	%	2016	%
Aðalsjóður:						
Skatttekjur	421.213	100,0%	351.572	100,0%	341.054	100,0%
Félagsþjónusta	(20.935)	5,0%	(17.818)	5,1%	(15.242)	4,5%
Heilbrigðismál	(540)	0,1%	(538)	0,2%	(2.446)	0,7%
Fræðslu- og uppeldismál	(243.776)	57,9%	(229.090)	65,2%	(211.793)	62,1%
Meningarmál	(5.586)	1,3%	(6.108)	1,7%	(5.592)	1,6%
Æskulýðs- og íþróttamál	(26.032)	6,2%	(24.994)	7,1%	(25.334)	7,4%
Brunamál og almannavarnir	(7.652)	1,8%	(5.604)	1,6%	(6.465)	1,9%
Hreinlætismál	(12.405)	2,9%	(8.607)	2,4%	(9.647)	2,8%
Skipulags- og byggingarmál	(8.812)	2,1%	(8.016)	2,3%	(4.338)	1,3%
Umferðar- og samgöngumál	(13.430)	3,2%	(11.319)	3,2%	(16.437)	4,8%
Umhverfismál	(3.465)	0,8%	(10.347)	2,9%	(14.822)	4,3%
Atvinnumál	(1.588)	0,4%	(1.497)	0,4%	(8.761)	2,6%
Sameiginlegur kostnaður	(51.696)	12,3%	(46.735)	13,3%	(40.334)	11,8%
Breyting lífeyrisskuldbindinga	(457)	0,1%	(5.449)	1,5%	0	0,0%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	26.895	(6,4%)	23.782	(6,8%)	18.914	(5,5%)
Aðalsjóður samtals	51.734	12,3 %	(766)	(0,2%)	(1.243)	(0,4%)
Aðrir sjóðir í A hluta:						
Eignasjóður	24.744	(5,9%)	21.783	(6,2%)	21.189	(6,2%)
A hluti samtals	76.479	18,2 %	21.017	6,0%	19.946	5,8%